# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

# 2009

Frjálsi lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 19
105 Reykjavík
kt. 600978-0129

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

# 2009

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3-5 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-14 |
| Kennitölur | 15-20 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 23. febrúar 2010

**Deloitte hf.**

Halldór Arason
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild.

### Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi

Á árinu var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Jafnframt var sjóðurinn valinn næstbesti lífeyrissjóður í Evrópu af lífeyrissjóðum sem eru minni en 1 milljarður evra að stærð og næstbesti lífeyrissjóðurinn í Evrópulöndum sem eru með færri en 1 milljón íbúa. Þetta er mikil viðurkenning fyrir sjóðinn og rekstraraðila hans, ekki síst í ljósi þeirra krefjandi aðstæðna sem ríkt hafa á Íslandi undanfarin misseri.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur áður unnið IPE-verðlaun. Árið 2005 var sjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða.

### Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2009 voru sjóðfélagar 38.448 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 14.477 og nam hrein eign sjóðsins 76.889 milljónum króna. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingaleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingastefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun innistæðna | 15,4% | 9,4% | 10,5% | 16,0% | 9,3% |
| Raunávöxtun innistæðna | 6,2% | 0,7% | 1,7% | 6,8% | 0,6% |
| Hrein eign í millj.kr. | 46.054 | 3.113 | 11.452 | 11 | 16.237 |
| Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa | 33.969 | 2.066 | 4.279 | 23 | 28.123 |
| Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu | 11.515 | 939 | 2.427 | 18 | 11.003 |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu | 7.119 | 591 | 1.590 | 11 | 6.733 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 1.319 | 377 | 789 | 0 | 584 |

| Markhópur | Yngri en 55 ára | Eldri en 55 ára | Lífeyris-þegar | Áhættu-sæknir | Allir |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingarstefna 2009: | | | | | |
| Skuldabréf | 55% | 85% | 75% | 40% | 60% |
| Innlend hlutabréf | 15% | 5% | 0% | 20% | 10% |
| Erlend hlutabréf | 25% | 10% | 0% | 35% | 25% |
| Sérhæfðar fjárfestingar | 5% | 0% | 0% | 5% | 5% |
| Bankainnstæður | 0% | 0% | 25% | 0% | 0% |
| | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rekinn af Arion banka og eru því engir starfsmenn hjá sjóðnum. Stjórnarmenn sjóðsins eru sjö talsins, 3 skipaðir af rekstraraðila og fjórir kosnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins.

## Skýrsla stjórnar

### Þróun markaða

Áframhaldandi sviptingar voru á fjármálamörkuðum á árinu. Árið fór erfilega af stað með áframhaldandi lækkunum á hlutabréfaverði, jafnt innanlands sem erlendis , auk þess sem innlend skuldabréf lækkuðu töluvert í verði. Þessir eignaflokkar mynda grunninn að eignasafni Frjálsa lífeyrissjóðsins og því var ávöxtun á fyrstu mánuðum ársins neikvæð. Seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferli sitt á fyrri helmingi ársins og leiddi það til hækkunar á verði innlendra skuldabréfa og komu þau almennt vel út á árinu. Seðlabankinn hefur gefið í skyn að verði þróun verðbólgu og gengis krónunnar hagfelld séu forsendur til frekari lækkunar vaxta. Hlutabréfamarkaðir ytra tóku vel við sér í mars og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 27% á árinu, mælt í dollurum, en 31% mælt í krónum. Innlendur hlutabréfamarkaður átti erfitt uppdráttar á árinu og er nú vart svipur hjá sjón. Markaðurinn lækkaði um 18,5% á árinu, en góður stígandi var þó eftir fyrsta ársfjórðung. Á næstu misserum má gera ráð fyrir því að nýskráningar félaga muni eiga sér stað á Íslandi og í því geta falist tækifæri sem rétt er að kanna til hlítar. Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins var á heildina litið góð á árinu m.v. markaðsaðstæður.

### Áhrifa fjármálakreppunnar gætir enn

Á árinu reyndist nauðsynlegt að færa frekar niður til varúðar ákveðnar eignir á árinu. Hins vegar voru varúðarniðurfærslur vegna þessa ekki það miklar að það hefði veruleg áhrif á ávöxtun sjóðsins. Má þakka það hinu varfærna eignamati í árslok 2008 auk þess sem aðgerðir í eignastýringu sjóðsins höfðu þegar dregið úr mögulegum neikvæðum áhrifum fjármálakreppunnar þegar hún skall á. Rétt er að hafa í huga að enn er mikil óvissa um hvernig gera á upp gjaldmiðlasamninga við hina föllnu banka. Í ársreikningnum er miðað við að samningarnir verði gerðir upp miðað við gildi gengisvísitölu á gjalddaga samninganna og að skuldabréf verði notuð til skuldajöfnunar. Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Landssamtök lífeyrissjóða, f.h. aðildarsjóða sinna, gera þó kröfu um hagstæðara uppgjör. Nettóskuld samninganna samkvæmt ársreikningi sjóðsins er um 905 milljónir. Enn er beitt varfærnu mati á eignir sjóðsins og vonir standa til að endanleg niðurfærsla á eignum verði minni en endurmatið gerir ráð fyrir.

### Auknar heimildir til útgreiðslu séreignar

Á árinu voru samþykkt lög á Alþingi sem heimiluðu úttekt á séreignarsparnaði allt að 1 milljón króna með jöfnum greiðslum á 9 mánuðum, og hafði þetta þau áhrif að útgreiðslur úr séreignadeild sjóðsins jukust. Þann 1. janúar síðastliðinn tóku gildi ný lög sem auka enn á heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar, eða allt að 2,5 milljónir króna, einnig með jöfnum greiðslum. Þetta gæti enn frekar leitt til þess að útflæði aukist í séreignardeild sjóðsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki átt í erfiðleikum með að mæta þessu aukna útflæði þar sem seljanleiki eignasafnsins er mikill.

Jafnframt var heimilt á árinu að taka frjálsa séreign út í heilu lagi við 60 ára aldur en áður þurfti að dreifa útgreiðslum á þann árafjölda sem vantaði upp á 67 ára aldur. Útgreiðslur úr séreignadeildinni jukust á árinu vegna þessa.

### Heimild að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur

Á árinu voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins á þá leið að nú er sjóðfélögum heimilt að hefja töku lífeyris úr tryggingadeild sjóðsins við 60 ára aldur. Sé það gert skerðast þó lífeyrisgreiðslur, samanber réttindatöflur sjóðsins.

### Tryggingafræðileg staða

Hlutfall heildareigna á móti heildarskuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins var í lok árs neikvæð um 8,0% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um og ber sjóðnum því ekki skylda til að lækka réttindi sjóðfélaga. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar voru -21,7% en þetta hlutfall lækkaði verulega við bankahrunið þegar hluti eigna sjóðsins lækkaði í verði. Enn fremur hafa verið gefnar út nýjar töflur um lífslíkur sem gera ráð fyrir lengri meðalævi en áður og hækkuðu þar með skuldbindingar sjóðsins og höfðu neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

# Skýrsla stjórnar

Þess má geta að vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu árin 2006 og 2007 greiddi sjóðurinn bónus úr tryggingadeildinni í séreign sjóðfélaga. Fjárhæðin nam alls 2,7 milljörðum. Jafnframt má nefna að frá þeim tíma, þ.e. sl. tvö ár hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga hækkað sem nemur verðbólgu, eða um 26,4% enda er um verðtryggð lífeyrisréttindi að ræða.

## Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt breytingum á lögum um ársreikninga skipaði sjóðurinn þriggja manna endurskoðunarnefnd á árinu. Nefndin skal m.a. hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi innra eftirlits og endurskoðun ársreiknings. Nefndin var skipuð stjórnarmönnunum Ásdísi Evu Hannesdóttur, Bjarnari Ingimarssyni og Hauki Leóssyni , sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

## Stjórnarlaun og umsýsluþóknun

Heildarstjórnarlaun á árinu 2009 námu 6,2 milljónum kr. og umsýsluþóknun til rekstraraðila nam 231,1 milljónum kr.

Reykjavík, 23. febrúar 2010

**Í stjórn**

Ásgeir Thoroddsen
stjórnarformaður

Ásdís Eva Hannesdóttir

Bjarnar S. Ingimarsson

Elías Jónatansson

Elín Þórðardóttir

Haukur F. Leósson

Jónmundur Guðmarsson

**Framkvæmdastjóri**

Arnaldur Loftsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2009

| | Skýr. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2009 | Samtals 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga ................................ | | 1.172.963 | 92.508 | 258.593 | 1.809 | 478.016 | 2.003.889 | 2.248.107 |
| Iðgjöld launagreiðenda ....................... | | 1.753.323 | 129.231 | 446.429 | 2.824 | 1.376.943 | 3.708.751 | 4.067.422 |
| Réttindaflutn. og endurgreiðslur ...... | | (4.372.380) | (222.020) | 3.252.834 | (397) | (71.352) | (1.413.315) | (795.365) |
| | 10 | (1.446.093) | (282) | 3.957.856 | 4.236 | 1.783.608 | 4.299.324 | 5.520.164 |
| **Lífeyrir** | | | | | | | | |
| Lífeyrir .................................................. | 11 | (2.282.059) | (436.778) | (1.410.627) | 0 | (216.502) | (4.345.965) | (1.249.051) |
| Umsjónarnefnd eftirlauna .................. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 225 | 225 | 198 |
| | | (2.282.059) | (436.778) | (1.410.627) | 0 | (216.277) | (4.345.740) | (1.248.853) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum ....................... | | 205.351 | 12.290 | 0 | 0 | 24.304 | 241.945 | (817.592) |
| Breytingar á niðurfærslu ..................... | | (1.004.466) | (133.330) | (212.959) | 0 | (131.216) | (1.481.971) | (2.261.064) |
| Vaxtatekjur og gengismunur ............. | 12 | 7.103.463 | 396.733 | 1.393.083 | 1.702 | 1.479.050 | 10.374.030 | 1.158.445 |
| | | 6.304.348 | 275.692 | 1.180.124 | 1.702 | 1.372.138 | 9.134.004 | (1.920.211) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .. | | (64.095) | (4.585) | (15.593) | (16) | (22.300) | (106.589) | (105.588) |
| Önnur fjárfestingargjöld .................... | | (30.075) | (3.790) | (15.593) | (16) | (15.293) | (64.767) | (123.176) |
| | 16 | (94.170) | (8.375) | (31.186) | (32) | (37.593) | (171.355) | (228.764) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .. | 16 | (58.534) | (4.213) | (14.335) | (14) | (24.235) | (101.331) | (98.594) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu .......... | 19 | 2.423.492 | (173.955) | 3.681.832 | 5.892 | 2.877.641 | 8.814.902 | 2.023.742 |
| Hrein eign frá fyrra ári ....................... | | 43.630.860 | 3.286.806 | 7.769.989 | 5.279 | 13.358.913 | 68.051.848 | 66.028.106 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris ...... | | 46.054.352 | 3.112.851 | 11.451.821 | 11.171 | 16.236.554 | 76.866.749 | 68.051.848 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| | Skýr. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2009 | Samtals 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ... | 13 | 26.354.040 | 1.128.111 | 228.538 | 2.605 | 5.129.533 | 32.842.827 | 31.864.181 |
| Verðbréf með föstum tekjum ........... | 14 | 18.029.788 | 1.923.003 | 8.892.494 | 7.864 | 10.356.382 | 39.209.530 | 31.335.942 |
| Veðlán ........................................ | 15 | 979.668 | 0 | 0 | 0 | 21.297 | 1.000.965 | 834.516 |
| Verðtryggð innlán .............................. | | 0 | 0 | 1.914.536 | 0 | 0 | 1.914.536 | 1.357.738 |
| Aðrar fjárfestingar .............................. | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14.788 | 14.788 | 14.788 |
| | | 45.363.496 | 3.051.115 | 11.035.568 | 10.468 | 15.522.000 | 74.982.646 | 65.407.165 |
| **Kröfur** | | | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur .................. | | 126.275 | 8.657 | 31.290 | 33 | 197.380 | 363.636 | 273.034 |
| Aðrar kröfur ........................................ | | 84.686 | 1.069 | 2.528 | 2 | 8.979 | 97.263 | 7.787 |
| | | 210.960 | 9.726 | 33.819 | 35 | 206.359 | 460.899 | 280.821 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | | | |
| Bankainnstæður .................................. | | 1.317.677 | 93.268 | 450.941 | 773 | 962.045 | 2.824.705 | 3.548.844 |
| **Eignir samtals** | | 46.892.134 | 3.154.108 | 11.520.328 | 11.277 | 16.690.403 | 78.268.251 | 69.236.830 |
| **Skuldbindingar** | | | | | | | | |
| Gjaldmiðlasamningar .......................... | 21 | (610.132) | (23.994) | 0 | (94) | (271.092) | (905.313) | (788.322) |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | | | | |
| Aðrar skuldir ....................................... | | (227.649) | (17.263) | (68.507) | (13) | (182.757) | (496.188) | (396.660) |
| **Skuldir samtals** | | (837.781) | (41.258) | (68.507) | (106) | (453.849) | (1.401.501) | (1.184.982) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris ...... | | 46.054.352 | 3.112.851 | 11.451.821 | 11.171 | 16.236.554 | 76.866.749 | 68.051.848 |

# Sjóðstreymi 2009

| | Skýr. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2009 | Samtals 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | | | | |
| Iðgjöld | | (1.446.093) | (282) | 3.957.856 | 4.236 | 1.783.608 | 4.299.324 | 5.520.164 |
| Fjárfestingartekjur | | 5.694.216 | 251.698 | 1.180.124 | 1.608 | 1.101.046 | 8.228.691 | (2.708.533) |
| Afborganir verðbréfa | | 1.228.381 | 170.161 | 614.008 | 339 | 545.222 | 2.558.111 | 2.113.909 |
| Seld verðbréf með breytil. tekjum | | 3.506.984 | 242.012 | 1.841.670 | 3.996 | 2.612.250 | 8.206.913 | 32.066.015 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 3.337.427 | 228.017 | 4.016.296 | 494 | 908.431 | 8.490.665 | 9.129.476 |
| | | 12.320.915 | 891.607 | 11.609.954 | 10.673 | 6.950.556 | 31.783.704 | 46.121.031 |
| **Útgreiðslur** | | | | | | | | |
| Lífeyrir | | 2.282.059 | 436.778 | 1.410.627 | 0 | 216.502 | 4.345.965 | 1.249.051 |
| Fjárfestingargjöld | | 94.170 | 8.375 | 31.186 | 32 | 37.593 | 171.355 | 228.764 |
| Rekstrarkostnaður | | 58.534 | 4.213 | 14.335 | 14 | 24.235 | 101.331 | 98.594 |
| Skammtímaliðir, breyting | | (57.044) | (4.934) | 7.144 | (27) | (25.690) | (80.550) | 56.104 |
| | | 2.377.719 | 444.432 | 1.463.292 | 19 | 252.639 | 4.538.101 | 1.632.512 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | | 9.943.196 | 447.175 | 10.146.662 | 10.654 | 6.697.916 | 27.245.603 | 44.488.519 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | | | | |
| Keypt verðbréf með breytil. tekjum | | 4.838.350 | 276.525 | 736.732 | 5.682 | 2.517.717 | 8.375.005 | 23.768.202 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 5.532.991 | 248.870 | 9.348.589 | 5.100 | 3.767.419 | 18.902.969 | 16.272.123 |
| Ný veðlán og útlán | | 134.970 | 0 | 0 | 0 | 0 | 134.970 | 373.765 |
| Hækkun á bankainnistæðum | | 0 | 0 | 556.798 | 0 | 0 | 556.798 | 1.357.738 |
| | | 10.506.311 | 525.395 | 10.642.119 | 10.782 | 6.285.136 | 27.969.742 | 41.771.828 |
| Hækkun/(lækkun) á bankainnist | | (563.115) | (78.220) | (495.457) | (128) | 412.781 | (724.139) | 2.716.690 |
| Bankainnistæður í ársbyrjun | | 1.880.792 | 171.488 | 946.399 | 901 | 549.264 | 3.548.844 | 832.154 |
| Bankainnistæður í árslok | | 1.317.677 | 93.268 | 450.941 | 773 | 962.045 | 2.824.705 | 3.548.844 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. **Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármáleftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2. **Mat og ákvarðanir**
Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

3. **Erlendir gjaldmiðlar**
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

| | | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Mynt | 2009 | 2008 | 31.12.2009 | 31.12.2008 |
| Evra | EUR | 172,67 | 127,46 | 179,88 | 169,97 |
| Bandaríkjadollar | USD | 123,59 | 88,07 | 124,90 | 120,87 |
| Japanskt jen | JPY | 1,32 | 0,86 | 1,35 | 1,34 |
| Svissneskur franki | CHF | 114,32 | 80,69 | 121,26 | 113,92 |
| Sterlingspund | GBP | 193,89 | 159,35 | 201,60 | 175,43 |
| Sænsk króna | SEK | 16,30 | 13,20 | 17,52 | 15,56 |
| Dönsk króna | DKK | 23,19 | 17,09 | 24,17 | 22,81 |

4. **Áhættustjórnun**
Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum. Sjá nánar í skýringu 21.

5. **Verðbréf**
*Frjálsi 1, Frjálsi 2 og Frjálsi 3, Frjálsi Áhætta:*
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

*Tryggingadeild:*
Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhætta hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

6. **Skráning tekna**
Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

7. **Rekstrarkostnaður**
Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

8. **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Iðgjöld

9. Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Sjóðsfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Í árslok 2009 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 159,8 milljónir króna.

10. Iðgjöld greinast þannig:

| | Samtals 2009 |
|---|---|
| Lágmarksiðgjöld | 4.266.124 |
| Viðbótariðgjöld | 1.446.516 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (1.413.315) |
| | 4.299.324 |

## Lífeyrir

11. Lífeyrir greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 964.496 | 372.862 | 1.030.417 | 0 | 57.223 | 2.424.998 |
| Barnalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.366 | 9.366 |
| Makalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 22.048 | 22.048 |
| Örorkulífeyrir | 22.865 | 120 | 12.728 | 0 | 127.865 | 163.578 |
| Fyrirframgreiðsla séreignasparnaðar | 1.159.026 | 41.609 | 260.684 | 0 | 0 | 1.461.319 |
| Annar lífeyrir | 135.671 | 22.187 | 106.798 | 0 | (225) | 264.431 |
| | 2.282.059 | 436.778 | 1.410.627 | 0 | 216.277 | 4.345.740 |

## Vaxtatekjur og gengismunur

12. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf og hlutdeildarskírteini | 6.807.751 | 376.751 | 977.659 | 1.499 | 1.335.046 | 9.498.706 |
| Vaxtatekjur vegna iðgjalda | 12.182 | 1.349 | 8.750 | 37 | 0 | 22.319 |
| Bankainnistæður | 242.407 | 18.633 | 406.674 | 155 | 144.004 | 811.873 |
| Endurgreidd þóknun | 41.123 | 0 | 0 | 10 | 0 | 41.133 |
| | 7.103.463 | 396.733 | 1.393.083 | 1.702 | 1.479.050 | 10.374.030 |

## Fjárfestingar

13. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skráð innlend hlutabréf | 37.279 | 0 | 0 | 0 | 0 | 37.279 |
| Óskráð innlend hlutabréf | 8.098 | 1.796 | 2.536 | 0 | 6.186 | 18.616 |
| Skráð erlend hlutabréf | 136 | 4 | 0 | 0 | 0 | 140 |
| Óskráð erlend hlutabréf | 27.459 | 0 | 0 | 0 | 12.511 | 39.970 |
| Innlend hlutdeildarskírteini | 9.193.986 | 700.557 | 226.002 | 1.125 | 1.260.110 | 11.381.780 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | 17.087.083 | 425.754 | 0 | 1.480 | 3.850.726 | 21.365.042 |
| | 26.354.040 | 1.128.111 | 228.538 | 2.605 | 5.129.533 | 32.842.827 |

14. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 15.001.049 | 1.730.846 | 8.478.737 | 7.765 | 9.378.119 | 34.596.516 |
| Skuldabréf með ábyrgð fjármálast. | 201.731 | 16.667 | 11.751 | 0 | 83.628 | 313.777 |
| Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga | 824.922 | 55.514 | 117.651 | 0 | 341.741 | 1.339.828 |
| Önnur skuldabréf | 2.002.086 | 119.976 | 284.355 | 99 | 552.894 | 2.959.409 |
| | 18.029.788 | 1.923.003 | 8.892.494 | 7.864 | 10.356.382 | 39.209.530 |

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu | 18.427.936 | 1.815.738 | 8.652.449 | 7.353 | 10.356.382 | 39.259.859 |
| Samkvæmt ársreikningi | 18.029.788 | 1.923.003 | 8.892.494 | 7.864 | 10.356.382 | 39.209.530 |
| | 398.149 | (107.265) | (240.044) | (510) | 0 | 50.328 |

Áætlað markaðsverð verðbréfa í tryggingadeild, var 10.993 milljónir króna í lok tímabilsins, samanborið við 10.356 milljónir króna sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 637 milljónum króna hærra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa í tryggingadeild 204 milljónir króna hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

Varúðarniðurfærsla á skuldabréfum með föstum tekjum greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf fjármálafyrirtækja | 1.728.244 | 121.434 | 0 | 285.707 | 2.135.385 |
| Skuldabréf annarra fyrirtækja | 789.939 | 78.894 | 271.028 | 104.931 | 1.244.793 |
| | 2.518.184 | 200.328 | 271.028 | 390.638 | 3.380.178 |
| | | | | | |
| Varúðarniðurfærsla í upphafi árs | 1.723.503 | 77.465 | 76.472 | 339.702 | 2.217.142 |
| Breyting á niðurfærslu á árinu | 794.681 | 122.863 | 194.556 | 50.936 | 1.163.036 |

Breyting á varúðarniðurfæslu á árinu greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf fjármálafyrirtækja ............................................ | 320.512 | 76.256 | (4.168) | (9.318) | 383.282 |
| Skuldabréf annarra fyrirtækja ............................................ | 474.169 | 46.607 | 198.724 | 60.254 | 779.753 |
| | 794.681 | 122.863 | 194.556 | 50.936 | 1.163.036 |

Sjóðurinn á jafnframt skuldabréf útgefin af Kaupþing banka hf. sem ekki eru niðurfærð þar sem fyrirhugað er að nota þau til skuldajöfnunar sbr. skýring 21.

Niðurfærsla sem gjaldfærð er í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris greinist með eftirfarandi hætti:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| Endanlega afskrifað á árinu .................................................. | 200.918 | 10.468 | 18.403 | 80.387 | 310.175 |
| Breyting á varúðarniðurfærslu á árinu ................................ | 794.681 | 122.863 | 194.556 | 50.936 | 1.163.036 |
| | 995.599 | 133.330 | 212.959 | 131.323 | 1.473.211 |
| Niðurfærsla ársins í hlutfalli við hreina eign í lok árs ..... | 2,2% | 4,3% | 1,9% | 0,8% | 1,9% |

15. Veitt lán gegn veði í fasteignum:

| | Frjálsi 1 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2009 |
|---|---|---|---|
| Sjóðfélagar ............................................................................................................. | 1.018.687 | 22.418 | 1.041.105 |
| Aðrir aðilar ............................................................................................................. | 12.542 | 0 | 12.542 |
| Varúðarniðurfærsla ................................................................................................ | (51.561) | (1.121) | (52.682) |
| | 979.668 | 21.297 | 1.000.965 |

## Önnur mál

16. Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 231,1 milljón króna og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Þóknun til Arion verðbréfavörslu hf. nam 12,0 milljónum króna. Aðrar þóknanir sem eru vegna erlendra fjárfestinga námu 7,9 milljónum króna. Endurgreidd þóknun fyrri ára vegna erlendra fjárfestinga á árinu nám 49,7 milljónum króna.

